

hljóðfærin að spretta úr spori í sam-
einingu og með fjörugum „einleiks“
köflum undir lok verksins.

Þriðja sónatan er um margt sú ó-
venjulegasta. Hér bræðir Bach saman
konsertform Vivaldis og ítölsku sönót-
una svo úr verður „konsert-sónata“ eða
Sonate auf Concertenart eins og sam-
tímamenn Bachs nefndu slík verk. Í
fyrsta þætti skiptast á „ritornello“, þ.e.
kaflar sem væru leiknir af hljómsveit

ef hún væri til staðar, og sólókaflar þar
sem bæði gamban og semball láta ljós
sitt skína. Eftir að hafa blandað saman
tónlistarformum í fyrsta þætti hrærir
Bach saman þjóðarstílum í hæga kafl-
anum. Ríkulega skreytt ítalskt Adagio
er eins og lagt ofan á tígulega franska
saraböndu, svo úr verður heillandi
samruni tveggja leiðandi þjóðanna í
tónlist barokktímans.

ÁHI

Nicole Vala Cariglia hóf nám í selló-
leik við Tónlistarskólann á Akureyri
undir leiðsögn Olivers Kentish. Hún
hélt áfram námi hjá Bryndísi Höllu
Gylfadóttur og útskrifaðist af tónlistar-
braut Menntaskólans á Akureyri vorið
1995. Nicole stundaði framhaldsnám í
sellóleik við New England Conserva-
tory of Music í Boston hjá Yeesun
Kim frá 1996 til 2001, og lauk B.Mus.
og M.Mus.-gráðum frá skólanum með
heiðurseinkunn. Hún stundar nú dokt-
orsnám í sellóleik við Boston Univer-
sity. Nicole hefur haldið einleiks- og
kammertónleika í Bandaríkjunum, Evr-
ópu og Asíu, og hefur sótt meistara-
námskeið m.a. hjá Truls Mørk, Erling
Blöndal Bengtssyni og Colin Carr.
Nicole Vala hefur leikið reglulega með
Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharm-
óníuhljómsveitinni í Boston og Boston
Modern Orchestra Project.

Árni Heimir Ingólfsson hóf píanónám
í Tónmenntaskóla Reykjavíkur hjá
Erlu Stefánsdóttur og hélt áfram námi
í Tónlistarskólanum í Reykjavík þar
sem Jónas Ingimundarson var kennari
hans. Árin 1993 – 97 stundaði hann
framhaldsnám hjá Lydiu Frumkin við
Oberlin Conservatory of Music og lauk
þaðan B.Mus. prófi í píanóleik og tón-
listarsögu. Hann hóf nám í tónvís-
indum við Harvard-háskóla haustið
1997 og lauk þaðan M.A. prófi haustið
1999 og doktorsprófi vorið 2003. Árni
Heimir hefur komið fram á fjölmörg-
um tónleikum í Evrópu og í Bandarík-
junum og er stofnandi Kammerkórsins
Carmina, sem sérhæfir sig í flutningi
tónlistar frá endurreisnartímanum.
Hann er dósent í tónlistarfræðum við
Listaháskóla Íslands.

Sumartónleikar

í

Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Nicole Vala Cariglia
selló
Árni Heimir Ingólfsson
semball



Þriðjudaginn 1. ágúst 2006 kl. 20:30

Johann Sebastian Bach samdi þrjár sönötur fyrir gömbu og sembal og skipa þær nokkuð sérstakan sess meðal verka hans. Uppfinningasemi hans hvað varðar kontrapunkt, form og áferð er sem fyrr engu lík. En ólíkt sellósvítunum eða sönötunum og partítunum fyrir fiðlu virðist Bach ekki hafa haft stærra „ópus“ í huga þegar hann samdi þær. Gömbusönöturnar koma aldrei fyrir í heimildum þrjár saman, heldur skýtur ein og ein upp kollinum hér og þar. Það var ekki fyrr en fyrsta heildarútgáfan með verkum Bachs leit dagsins ljós um 1860 að þær birtust hlið við hlið, og þá skipaði ritstjórinn Wilhelm Rust þeim í þá röð sem enn tíðkast í dag: nr. 1 í G-dúr, nr. 2 í D-dúr, nr. 3 í g-moll.

Hin kliðmjúka viola da gamba naut mikilla vinsælda á sautjándu öld og á fyrstu áratugum þeirrar átjándu. Frönsk tónskáld voru sérlega iðin við að semja fyrir hljóðfærið, sem hafði ýmist sex eða sjö strengi – afar vítt raddsvið – og var stillt í ferundum. Um það leyti sem Bach samdi sönötur sínar var gamban á undanhaldi fyrir nýju hljóðfæri, sellóinu, nokkurn veginn sömu gerðar og tíðkast í dag. Það er dæmigert fyrir Bach, sem hafði einstaka hæfileika til að sjá hlutina frá óvenjulegu sjónarhorni, að hann skyldi semja sex „gamaldags“ svitur í frönskum stíl fyrir hið nýttiskulega selló, og þrjár sönötur í „nú tíma“ stíl fyrir hið nærri úrelta gömbuhljóðfæri. Samtímamönnum hans hefði að öllum líkindum þótt eðlilegra að semja sellósönötur og gömbusvitur.

Philipp Spitta, sem ritaði ævisögu Bachs á nítjándu öld, taldi gömbusönöturnar hafa verið samdar í Köthen um 1720. Síðan hefur komið í ljós að þær eru töluvert yngri, líklega samdar í Leipzig um 1730 og jafnvel síðar. Vitað er að sönata nr. 1 var upphaflega tríósönata fyrir tvær flautur og fylgibassa, og hugsanlega hafa hinar sönöturnar einnig haft aðra hljóðfæraskipan til að byrja með. Í fyrri sönötunum tveimur er útgangspunktur Bachs ítalska tríósönatan eins og hún birtist m.a. í verkum Corellis. Þær skiptast í fjóra kafla, hægur – hraður – hægur – hraður og hröðu þættirnir eru iðulega einhvers konar fúgur. Þótt formið virðist fremur niðurnjörvað af þessari lýsingu að dæma nær Bach að laða fram ótrúlega fjölbreytni og margt kemur á óvart í meðförum hans.

Fyrsta sönatan hefst á ljúfum „pastoral“ inngangi sem leiðir að fjörugum kafla í konsertstíl. Að loknum fremur óhefðbundnum Andante kafla lýkur sönötunni á þriggja radda fúgu sem í ofanálag er franskur bourrée-dans. Eftir hægan inngangskafli sönötu nr. 2 tekur við fjörugt Allegro í „galant“ stílnum sem ruddi sér til rúms á öðrum fjórðungi átjándu aldar. Upphafsstefið í samstígum tíundum leiðir hugann að frumklassíkinni sem var að ryðja sér til rúms um þetta leyti, en jafnvel hér á Bach erfitt með að stilla sig um að vinna úr tónefninu á kontrapunktískan hátt. Þriðji þátturinn er yndisfagurt Siciliano, ljóðrænn dúett fyrir gömbu og hægri hendi hljómborðsleikarans. Í lokapættinum fá bæði

Johann Sebastian Bach

1685 – 1750

Sönata fyrir gömbu og sembal í G-dúr, BWV 1027
Adagio
Allegro ma non tanto
Andante
Allegro moderato

Sarabande úr partítu nr. 5 í G-dúr, BWV 829
fyrir sembal

Sönata fyrir gömbu og sembal í D-dúr, BWV 1028
Adagio
Allegro
Andante
Allegro

Allemande úr svítu nr. 6 í D-dúr, BWV 1012
fyrir selló

Sönata fyrir gömbu og sembal í g-moll, BWV 1029
Vivace
Adagio
Allegro